

Starfsleyfisskilyrði

fyrir hreinsistöð og fráveitu

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1 Gildissvið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir N18 ehf, kt. 521010-1180 hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi.

Um starfsemina gilda m.a. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsleyfið gildir fyrir tvær tveggja þrepa skólphreinsistöð að þar sem hámarksafköst móttöku skólps eru 190 persónueiningar (pe) hvor.

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis- og starfsleyfisskilyrða sé framfylgt. Starfsemi og frágangur fráveitumannvirkja skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

1.2 Umfang

Starfsleyfið gildir fyrir:

- Skólphreinsistöð ...
- Fráveitukerfið í heild sinni ...
- Dælubrunnar, yfirfallslagnir og útrásir ...

Staðsetning hreinsistöðvar:

	Lengd (nota hnitakerfi WGS84/Google maps)	Breidd	Athugasemdir
Rotþró 1	63°26'11.3"N	19°03'57.1"W	2 x 20.000 lítra
Rotþró 2	63°26'10.3"N	19°03'40.9"W	2 x 20.000 lítra

1.3 Stöðvun rekstar lokun

Rekstraraðili er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun og upplýsa eftirlitsaðila um slíkt. Í því skyni skal rekstraraðili útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.

1.4 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Í auglýsingu

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk (sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit) og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Rekstraraðila skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis og annarra mannvirkja fráveitu, sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð/svæði sé haldið snyrtilegu. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt eins og unnt er að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eða kröfur í öðru regluverki, skal rekstraraðili gera heilbrigðiseftirliti viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatnshlots hrakar eða ef það uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi. **Til að fylgjast með áhrifum í viðtaka skal rekstraraðili vinna eftir vöktunaráætlun sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.**

2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þjónustuvakt/stjórnstöð utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á heimasíðu eftirlitsaðila og hjá Umhverfisstofnun.

2.3 Tilkynningar vegna mengunaráhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaráhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

3. VARNIR GEGN MEGNUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Almennar kröfur á fráveitu

Fráveita skal uppfylla kröfur sem til hennar eru gerðar í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi.

Fráveita skal meðal annars uppfylla kröfur um:

- Safnræsi og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólpi út.
- Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um hreinsun í reglugerð um fráveitur og skólpi. Eftirlitsmælingar skulu framkvæmdar í hreinsivirki (sbr. 4.3 gr. í starfsleyfisskilyrðum).
- Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.
- Bann við losun skólps í hafnir.
- Vatn sem fer um yfirfallsleiðslur vegna ofanvatns í einföldu kerfi skal veita út fyrir stórstraumsfjörumörk í sjó og niður fyrir meðal lágmarkshæð í ferskvatni ef mögulegt er. Við hönnun á fráveitum með einfalt kerfi er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af tímanum eða þegar uppblandað skólpi með hitaveitu- og/eða ofanvatni er í hlutföllunum 1:5 a.m.k.

Hreinsivirki fráveitu skal vera í samræmi við eðli og umfang skólpsins sem hreinsa á. Fráveitukerfi í nýjum hverfum skal hannað með tvöföldu kerfi þannig að ofanvatnið er aðskilið frá skólpinu og leitt í sér kerfi t.d. blágrænar ofanvatnslausnum þar sem því verður við komið. Sama gildir um affallsvatn hitaveitu. Sé ofanvatn mengað skal gera ráðstafanir til að hreinsa það í samráði við eftirlitsaðila áður en það er losað í viðtaka.

3.2 Úrgangur og tæming

Draga skal úr myndun úrgangs og koma úrgangi í endurnotkun- og endurnýtingu eins og kostur er. Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum af aðilum sem hafa til þess starfseyfi. Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Úrgang skal flytja í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi eða til endurnýtingar. Um flutning og meðhöndlun úrgangs gilda ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.3 Loft

Tryggja skal að starfsemin valdi fólki í nærliggjandi húsakynnum ekki óþægindum vegna efna- og sóttmengunar. Efna- og sóttmengun skal heldur ekki verða við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni. Leitast skal við að halda lyktarmengun frá starfseminni við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs í lágmarki.

3.4 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 1 í 3. tölulíð og skal þess jafnframt gætt eins og unnt er að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði, s.s. vegna titrings eða högghljóða.

4. INNRA EFTIRLIT

4.1 Eftirlit og skráning

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Rekstraraðili skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki fráveitunnar, þ.m.t. reglubundnar tæmingar og viðhald sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- a. Magn ristarúrgangs, seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.
- b. Eftir atvikum förgunarstað seyru, vinnslustað eða landgræðslusvæði.
- c. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyru. Kvittanir frá móttökuaðila skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- d. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna ef við á.
- e. Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum fyrir hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- f. Atriði er varða rekstur fráveitunnar s.s. hreinsun, viðgerðir og viðhald (rekstrar og viðhalds handbók).

Jafnframt skal rekstraraðili taka saman niðurstöður um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.4 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan.

- a. Niðurstöður eftirlitsmælinga í hreinsivirki þ.m.t rennsli skólps.
- b. Upplýsingar um tíðni losunar á yfirfalli (í einföldu kerfi) (má ekki fara yfir 5% tímans á ársgrundvelli).
- c. Niðurstöður vöktunar í viðtaka/vatnshloti
- d. Upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi ef við á.

4.2 Umhverfisvöktun

Losun fráveituvatns er í vatnshlotið og er samkvæmt gerðalýsingu Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll strandsjavarhlot/straumvatnshlot/stöðuvötn vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Komi í ljós að vatnshlotið uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi skal rekstraraðili ráðast í aðgerðir við að draga úr álagi á það enda sé unnt að rekja að mengun sé til komin vegna starfsemi rekstraraðila.

Rekstraraðili skal vakta helstu gæðapætti í vatnshloti í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur og ráðast í úrbætur sé þess þörf.

Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun sem gerir ráð fyrir vöktun á gæðapáttum í samræmi við stjórn vatnamála (sjá skýrslu [Hafrannsóknastofnunar](#)) (níturat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar). Vöktunaráætlun skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni (4 ár) og starfsleyfisveitandi yfirfer og samþykkir hana að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili skal einnig vakta reglulega gerlamengun á eftirfarandi svæðum... nánara fyrirkomulag á gerlamælingum skal koma fram í vöktunaráætlun.

4.3 Mælingar og losunarmörk

Sýnatökuaðstaða

Í skólphreinsistöð skal vera til staðar sýnatökuaðstaða eða staður þar sem hægt er að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkid, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndun skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hræra.

Sjá [leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu](#).

Losunarmörk

Tveggja þrepa hreinsun skal standast losunarmörk sem gefin eru í töflu 1 í viðauka I í reglugerð um fráveitur og skólp. Komi til þess að reglugerðin verði endurskoðuð með strangari kröfum á stafsleyfistímanum þá gilda þær kröfur. Losunarmörkin eru tekin saman í eftirfarandi töflu ásamt markmiðum um hreinsun og styrk sem skulu gilda: Notast skal við losunarmörkin lágmarkslækkun miðað við hundraðhluta.

	Hreinsunarmarkmið, %	Hámarksstyrkur, mg/l
BOD ₅	70-90%	25
COD	75%	125
Svifagnir	90*	35*
Mengunarefni skv. regl. 796/1999		Eftir aðstæðum.

* Valfrjáls losunarmörk. Ákveðið í starfsleyfi.

4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. 27. grein um mengunarvarnaeftirlit og A, B og D-hluta 1. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.

Við sýnatökur skal taka sólarhringsblandsýni og skal þeim að jafnaði vera jafndreift yfir hvert almanaksár. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings (ss – sólarhringsblandsýni).

Gera skal mælingar í hreinsivirki til þess að sannreyna að losunarmörk séu haldin.

	50-199 pe	200-1.999 pe	2.000 - 9.999 pe	10.000 - 49.999 pe	>50.000 pe
BOD ₅	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
COD	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
Svifagnir	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði

Leyfilegur hámarksfjöldi sólarhringsblandsýna sem ekki uppfylla settar kröfur	1	1	1	2	3
---	---	---	---	---	---

4.5 Útrás og yfirfall

Útrás

Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), Olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Yfirfallsleiðslur

Yfirfall er heimilt að nota þegar bilanir eða óviðráðanleg atvik verða sem stöðva skólphreinsunina. Þegar reglulegt viðhald fer fram skal halda hreinsivirkinu í gangi sé það hægt.

Rekstraraðili skal safna og eftir atvikum birta upplýsingar þegar skólp rennur um yfirfall. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar. Upplýsingar um notkun yfirfalla eru tekin saman í skýrslu sbr. lið 4.1.

Notkun neyðaryfirfalls skal tilkynnt eftirlitsaðila tafarlaust. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar.

4.6 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.4 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

Á tveggja ára fresti skal upplýsingum um umhverfisvöktun og innra eftirlit komið til Umhverfisstofnunar eftir því sem þess er óskað (m.a. hreinsiprep, árangur hreinsunar, staðsetningu hreinsistöðvar og útrásar, magn seyru og úrgangs). Umhverfisstofnun birtir samantekt upplýsinga fyrir allt landið og skilar þeim til Umhverfisstofnunar Evrópu.

4.7 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og eftirlitsaðili samþykkir.

4.8 Gjaldskylda og gildistaka

Rekstraraðili greiðir starfsleyfisveitanda gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá xxx. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.